

Reglur og viðurlög vegna tækjanotkunar

Tónlistartæki og símar eru í skólatöskunni á kennslutíma.

Kennarar í unglingadeild geta gefið nemendum leyfi sitt fyrir notkun í kennslustundum. Nemendum unglingadeildar er heimilt að nota tæki á göngum í frímínútum og hádegishléi en **ekki** í matsal.

Nemendur á yngsta stigi og miðstigi eiga undantekningalaust að geyma tæki í töskunni á skólatíma og hafa slökkt á þeim.

1. Ef tæki (sími/spjaldtölva/iPod/tölva) er notað án leyfis í kennslustund, fundum eða matsal eru nemendur beðnir um að afhenda tækið starfsmanni, sem setur það í geymslu til loka dags. Atvikið er skráð í dagbók nemanda og birt foreldrum.
2. Ef nemandi afhendir ekki tækið er haft samband við foreldra og þeir beðnir að sækja tækið í skólann.
3. Ef um endurtekin brot á reglunni er að ræða verður haldinn fundur með foreldrum og skólastjórnendum og nánari aðgerðir ræddar.

September 2019